



Ísafjarðarbær

Endurskoðunarskýrsla

2. maí 2019

1. Samantekt á helstu niðurstöðum

1.1. Áritun endurskoðanda

Við höfum endurskoðað ársreikning Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Eins og fram kemur í áritun okkar á ársreikning Ísafjarðarbæjar er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ísafjarðarbæjar á árinu 2018, efnahag hans þann 31.12.2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í endurskoðunarskýrslunni vekjum við fyrst og fremst athygli á þeim atriðum sem við höfum komist að raun um við endurskoðunina og við teljum mikilvægt að bæjarstjórn fái upplýsingar um. Í skýrslunni er því ekki fjallað um öll mál sem upp hafa komið við endurskoðunina. Við leggjum á það áherslu að ekki er hægt að gera okkur ábyrg fyrir því að greina allar áhættur eða veikleika í innra eftirliti hjá sveitarfélaginu, en hugsanlegt er að umfangsmeiri skoðun hefði getað leitt slíkt í ljós.

Við viljum færa öllum starfsmönnum bæjarfélagsins sem veitt hafa okkur aðstoð og upplýsingar, þakkir fyrir gott samstarf á árinu.

Við munum að sjálfsögðu veita allar frekari upplýsingar um endurskoðunina ef óskað verður eftir því.

Endurskoðun Vestfjarða ehf.


Jón Þ. Einarsson
endurskoðandi

1.2. Helstu ábendingar og athugasemdir

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. Félagið er einkahlutafélag í fullri eigu Ísafjarðarbæjar, sem á og rekur félagslegt leiguhúsnæði í sveitarfélaginu. Ísafjarðarbær ábyrgist að fullu skuldbindingar félagsins við Íbúðalánasjóð vegna þeirra íbúða sem Ísafjarðarbær lagði félaginu til sem hlutafé. Bókfært verð fasteigna félagsins í árslok 2018 er 584 milljónir kr. en langtímaskuldir nema 1.259,6 millj. kr. Óvíst er um raunverð fasteigna félagsins. Eiginfjárstaða félagsins í árslok 2018 er neikvæð um kr. 657,2 millj. en ekki hefur verið gerður fyrirvari um það í áritun vegna ætlunar Ísafjarðarbæjar að halda félaginu rekstrarhæfu.

Jafnframt er Ísafjarðarbær í sjálfskuldarábyrgð fyrir 40,0 millj. kr. reikniláni sem Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. sömdu um við Landsbanka til að fjármagna skammtímaskuldir vegna uppgreiðslu lána við Íbúðalánasjóð í tengslum við uppgjör við sölu íbúða. Í lok árs 2018 eru Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. ekki að nýta sér þetta reiknilán.

Deloitte ehf. framkvæmdi könnun á innra eftirliti upplýsingakerfa í byrjun árs 2018. Niðurstöðurnar voru kynntar Ísafjarðarbæ í apríl 2018. Við teljum mjög brýnt að Ísafjarðarbæ bregðist sem fyrst við athugasemdum sem Deloitte gerði. Aðaláherslan verði á athugasemdirnar sem varða aðgangsheimildir að Navision og merktar eru með rauðum hring í niðurstöðunum.

Endurskoðunarvinna okkar á aflagjaldatekjum Hafnarsjóðs leiddi í ljós að bókfærðar tekjur af aflagjöldum voru rúmum 3 millj. kr. lægri en niðurstaða útreiknings okkar sýndi sem gengur út á að margfalda aflaverðmæti landaðs afla hjá Ísafjarðarhöfnum með aflagjaldsprósentunni sem er 0,79% fyrir frystan fisk og frysta rækju en 1,58% af öðrum afla. Undirritaður átti fund með Guðmundi M. Kristjánssyni hafnarstjóra og í framhaldi af því fór Guðmundur í frekari greiningarvinnu. Í ljós hefur komið af Reiknistofa Fiskmarkaða hefur tekið 1,5% í aflagjald í stað 1,58%. Guðmundur hefur verið í sambandi við Eyjólf Þór Guðlaugsson framkvæmdastjóra Reiknistofu

Fiskmarkaða sem er með þetta mál til skoðunar. Spurning er hvar ábyrgðin á þessari skekkju liggur en hún er búin að vera við líði í nokkur ár.

Vinna okkar leiddi í ljós að ekki eru mikil frávík á milli fjárhagsáætlunar og rekstrar.

2. Endurskoðunaraðferð

2.1 Almennt um endurskoðunaraðferðina

Markmiðin með endurskoðuninni eru fyrst og fremst:

- Að gefa álit á því hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og efnahag félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu.
- Að votta um hvort ársreikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglna, sem um starfsemina gilda, og settar reikningssskilareglur.

Megin skrefin sem við tókum til að nálgast þessi markmið okkar voru að:

- Afla okkur víðtækrar þekkingar á starfsemi bæjarfélagsins, stjórnun þess og innra eftirliti, til að greina helstu áhættuþætti sem hafa áhrif á niðurstöðu.
- Gera ítarlega endurskoðunaráætlun þar sem tekið er tillit til áhættumestu liða sem hafa áhrif á niðurstöðu ársreikningsins.
- Gera úrtakskannanir og greiningaraðgerðir byggðar á áhættu og mikilvægi þátta.
- Taka saman yfirlit og draga fram niðurstöður fyrir einstaka þætti í endurskoðuninni.

2.2 Sviksemi

Endurskoðun okkar er ekki ætlað að greina sviksemi en við getum á mismunandi stigum endurskoðunarinnar fundið áhættuþætti tengda sviksemi. Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ber endurskoðendum að afla upplýsinga um mat stjórnenda á áhættunni á svikum og fá upplýsingar um hvort stjórnendur séu meðvitaðir um sviksemi innan fyrirtækisins. Einnig þurfum við að öðlast vitneskju um það hvort að sviksemi hafi komið upp hjá fyrirtækinu.

Við höfum rætt við stjórnendur um hvort að þeir hafi orðið varir við eða fengið vísbendingar um sviksemi og/eða að lög hafi verið brotin. Stjórnendur hafa staðfest við okkur að þeir hafi ekki orðið varir við neitt slíkt.

Við vinnu okkar komu ekki fram neinar vísbendingar um sviksemi.

2.3 Óhæði

Í lögum um endurskoðendur er þess getið að í endurskoðunarverkefnum skuli endurskoðandi og endurskoðunarfyrtæki vera óháð viðskiptavinum sínum, bæði í reynd og ásýnd. Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni.

Við staðfestum hér með að Endurskoðun Vestfjarða og starfsmenn þess sem koma að endurskoðuninni eru óháðir Ísafjarðarbæ eins og siðareglur starfsstéttarinnar og lög kveða á um.

2.4 Þagnarskylda

Endurskoðendur eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsfólk EV er bundið trúnaði um hvaðeina sem það verður áskynja um í starfi og mun ekki rjúfa þann trúnað, nema lög mæli svo fyrir um.

3. Ábyrgð

3.1 Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Endurskoðandinn er ekki og á ekki að vera gerður ábyrgur fyrir því að félagið fari eftir lögum og reglum.

3.2 Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir því að gerð og framsetning ársreikningsins sé í samræmi við lög um ársreikninga. Þeim ber að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Stjórnendur bæjarfélagsins eru ábyrgir fyrir því að eftirlit með starfsemi bæjarfélagsins, bókhaldi þess og fjármálum sé fullnægjandi og viðeigandi í samræmi við stærð þess og starfsemi. Það er á ábyrgð stjórnenda að tryggja að starfsemi Ísafjarðarbæjar sé í samræmi við ákvæði laga og reglna. Það er einnig á ábyrgð þeirra að fyrirbyggja brot á lögum og reglum ásamt því að uppgötva brot ef um þau er að ræða.

3.3 Upplýsingar frá stjórnendum

Í tengslum við ársreikning Ísafjarðarbæjar hafa bæjarstjóri og fjármálastjóri staðfest í sérstöku staðfestingarbréfi að ýmsar fullyrðingar sem erfitt er að staðfesta með öðrum hætti séu samkvæmt þeirra bestu vitund og þekkingu.

4. Önnur mál

A og B hluta fyrirtæki og stofnanir

Rekstrarreikningur

Á árinu 2018 nam hagnaður af rekstri A og B hluta 43,9 millj. kr. sem er 46,2 millj. kr. betri afkoma en árið 2017 en þá nam tap A og B hluta 2,4 millj. kr. Við þennan samanburð ber að hafa í huga að á árinu 2017 er sérstök gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar 159,3 millj. kr. vegna samkomulags vegna Brúar. Einnig þarf að taka tillit til að á árinu 2018 voru fjármagnsgjöld 97 millj. kr. hærrí en árið 2017 sem skýrist af hærri verðbólgu árið 2018 en árið 2017. Hækkun vísitölu neysluverðs nam 3,25% árið 2018 en hækkunin árið 2017 nam 1,73%. Rekstrartekjur samstæðu Ísafjarðarbæjar hækka um 407,4 millj. kr. eða 9,03% á meðan rekstrargjöld að með töldum fyrningum og fjármangslíðum nettó, hækka um 361,1 millj. kr. eða um 8%. Útsvarstekjur hækka um 9,19%, fasteignagjöld um 7,51% og tekjur úr Jöfnunarsjóði hækka um 9,71%. Laun og tengd gjöld án lífeyrisskuldbindinga, hækka um 11,01% á milli áranna 2017 og 2018, annar rekstrarkostnaður um 8,75%, afskriftir fastafjármuna um 7,63% og fjármagnslíðir um 65,62%.

Fjárhagsáætlun 2018 gerði ráð fyrir 28,9 millj. kr. hagnaði af A og B hluta en raunin varð hagnaður að fjárhæð 43,9 millj. kr. eða 15 millj. kr. betri afkoma. Rekstrartekjur samstæðu námu 4.920 millj. kr. en voru áætlaðar 4.989 millj. kr. eða 69 millj. kr. undir áætlun. Rekstrargjöld að fyrningum meðtöldum námu 4.646 millj. kr. en voru áætlaðar 4.715 millj. kr. eða 69 millj. kr. undir

áætlun. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur námu 230 millj. kr. en voru áætluð 245 millj. kr. eða 15 millj. kr. betri niðurstaða en áætlað var.

Efnahagsreikningur

Í árslok var hreint veltufé í samanteknum ársreikningi neikvætt um 105 millj. króna og er veltufjárhlutfall 0,88. Árið á undan var hreint veltufé neikvætt um 299 milljónir og veltufjárhlutfall 0,67.

Sjóðstreymi

Sjóðstreyminu er ætlað að veita upplýsingar um hæfi rekstrarins til að skapa handbært fé sem aftur segir til um hæfi sveitarfélagsins til að standa við skuldbindingar sínar, hæfi þess til að viðhalda tekjuvirði eigna og þörf fyrir ytri fjármögnun.

Veltufé frá rekstri í samanteknum ársreikningi er 514 milljónir og handbært fé frá rekstri 176 milljónir. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 955 milljónir og fjármögnunarhreyfingar jákvæðar um 837 milljónir. Handbært fé Ísafjarðarbæjar hækkaði um 58 millj. kr. á árinu og er 142 millj. kr. í lok árs 2018. Ísafjarðarbær fjárfesti á árinu fyrir 583 millj. kr. í varanlegum rekstrarfjármunum, tók ný langtímalán að fjárhæð 1.124 millj. kr. og greiddi niður langtímalán að fjárhæð 286 millj. kr.

Verði rekstur Ísafjarðarbæjar á árinu 2019 svipaður og á árinu 2018, á rekstur bæjarins að standa undir afborgunum langtímalána og skuldbindinga sem eru áætlaðar 407 millj. kr. á árinu 2019. Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar

árið 2019 gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði jákvætt um 642,5 millj. kr. eða 235,2 millj. kr. hærrí en áætlaðar afborganir langtímaskulda og skuldbindinga árið 2019.

Einstök fyrirtæki og stofnanir

Aðalsjóður

Tap ársins 2018 nam 113,8 millj. kr. en á árinu 2017 var Aðalsjóður rekinn með 387,9 millj. kr. tapi eða 274,2 millj. kr. betri afkoma árið 2018. Tap Aðalsjóðs árið 2018 án framlaga til B-hluta nam 79,8 millj. kr. samanborið við 321,6 millj. kr. tap árið 2017. Aðalástæða bættrar afkomu liggur í 376 millj. kr. hækkun tekna, aðallega skatttekna og framlaga úr Jöfnunarsjóði sem og 146 millj. kr. lægri gjaldfærslu vegna breytinga á lífeyrisskuldbindingum.

Eignarsjóður

Á árinu 2018 nam hagnaður Eignarsjóðs 136,8 millj. kr. sem er 130,7 millj. kr. verri afkoma en árið 2017 þegar hagnaður nam 267,5 millj. kr. Aðal skýring verri afkomu liggur í 77,3 millj. kr. lægri tekjum vegna lækkunar á innri leigu og 56,6 millj. kr. hærrí fjármagnskostnaðar sem skýrist af hærrí verðbótum langtímalána vegna hækkunar á verðbólgu.

Þjónustumiðstöð

Á árinu 2018 nam tap Þjónustumiðstöðvar 37,2 millj. kr., en á árinu 2017 var tap að fjárhæð 18,8 millj. kr. Afkoman versnar því um 18,4 millj. kr. á milli ára. Aðalskýringin liggur í 16,7 millj. kr. hækkun launakostnaðar.

Hafnarsjóður Ísafjarðarbæjar

Á árinu 2018 nam hagnaður Hafnarsjóðs 65,4 millj. kr. en var 83,1 millj. kr. árið 2017 eða lækkun upp á 17,7 millj. kr. Rekstrartekjur hækka um 19,4 millj. kr. á meðan rekstrargjöld hækka um 35,5 millj. kr., þar munar mest um 17,5 millj. kr. hækkun launakostnaðar. Í lok árs 2018 á Hafnarsjóður kröfu á A-hluta upp á 117,3 millj. kr. en ársbyrjun nam krafan 112,3 millj. kr. Vextir hafa ekki verið reiknaðir á þessa viðskiptastöðu Hafnarsjóðs við A-hluta.

Veltufé Hafnarsjóðs frá rekstri á árinu 2018 var 91 millj. kr. sem að stærstum hluta var notað til að kaupa fastafjármuni fyrir 57,4 millj. kr. og 26,4 millj. kr. var varið í að greiða niður langtímalán.

Vatnsveita

Hagnaður Vatnsveitu nam 43,7 millj. kr. árið 2018 eða 12,3 millj. kr. betri en árið 2017 þegar hann var 31,4 millj. kr. Betri afkoma liggur að mestu leiti í 7,9 millj. kr. hærrí rekstrartekjum og 5,7 millj. kr. lægri húsaleigu. Vatnsveitan á 330,2 millj. kr. inni hjá A-hluta í lok árs 2018 en á sama tíma á árinu 2017 nam inneignin 274,1 millj. kr. Vextir hafa ekki verið færðir á skuld A-hluta við Vatnsveitu.

Þjónustuíbúðir

Á árinu 2018 nam tap Þjónustuíbúða án framlags frá A-hluta, 13,3 millj. kr. samanborið við 17,1 millj. kr. tap árið 2017. Framlag Ísafjarðarbæjar til Þjónustuíbúða á árinu 2018 nam 13,3 millj. kr. sem leiðir til þess að tap ársins er ekkert í stað 13,3 millj. kr. Skammtímaskuld Þjónustuíbúða við A-hluta í lok árs 2018 nam 30,6 millj. kr. en í ársbyrjun nam skuldin 22,7 millj. kr. Vextir hafa ekki verið færðir á skuld Þjónustuíbúða við A-hluta.

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.

Tap Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. án framlags frá A-hluta nam 24,5 millj. kr. árið 2018 samanborið við 30,5 millj. kr. tap árið 2017.

Veltufé frá rekstri á árinu 2018 var 40,4 millj. kr. sem að óbreyttu ætti að duga til að standa undir næsta árs afborgunum langtímaskulda sem eru reiknaðar 38,4 millj. kr. árið 2019. Er þá verið að gefa sér að A-hluti geti styrkt rekstur Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. í sama mæli og árinu 2018.

Getið er ábyrgða Ísafjarðarbæjar vegna Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. í tölulíð 1.2 hér að framan.

Fráveita

Hagnaður Fráveitu á árinu 2018 nam 3,1 millj. kr. samanborið við 25,4 millj. kr. hagnað árið 2017. Hagnaður lækkar því um 22,3 millj. kr. sem skýrist að mestu af 19,7 millj. kr. hækkun á viðhaldi. Skammtímaskrafa Fráveitu við A-hluta í lok árs 2018 nam 2,9 millj. kr. en í ársbyrjun var krafan 4,8 millj. kr. Vextir hafa ekki verið reiknaðir á kröfu Fráveitu á A-hluta.

Veltufé frá rekstri á árinu 2018 var 10,3 millj. kr. sem að óbreyttu fer langt með að nægja fyrir næsta árs afborgunum sem eru reiknaðar 13,1 millj. kr. árið 2019.

Sorpbrennslustöðin Funi

Tap Funa nam 20,3 millj. kr. árið 2018 samanborið við 12 þús. kr. tap árið 2017. Veri afkoma skýrist að langmestu leiti af 19,2 millj. kr. hækkun þjónustukaupa vegna uppgjörs á lögfræðimáli. Skammtímaskuld Funa við A-hluta í lok árs 2018 nemur 46,3 millj. kr. en í ársbyrjun nam skuldin við A-hluta, 22,6 millj. kr. Vextir hafa ekki verið færðir á skuld Funa við A-hluta.

Eyri

Tap Eyrar á árinu 2018 nam 6 millj. kr. en á árinu 2017 nam það 2,2 millj. kr. Skammtímaskuld Eyrar við A-hluta í lok árs 2018 nemur 44,8 millj. kr. en í ársbyrjun nam skuldin við A-hluta, 42 millj. kr. Vextir hafa ekki verið færðir á skuld Eyrar við A-hluta.

Byggðasafn Vestfjarða

Byggðasafn Vestfjarða er á árinu 2018 í fyrsta skiptið hluti af samstæðu Ísafjarðarbæjar. Tap Byggðasafnsins nam 3,3 millj. kr. árið 2018 samanborið við 15 millj. kr. tap árið 2017. Betri afkoma skýrist að langmestu leiti af 8,4 millj. kr. lægri launakostnaði og 1,6 millj. kr. lægri húsaleigu. Skammtímaskuld Byggðasafnsins við A-hluta í lok árs 2018 nemur 49 millj. kr. en í ársbyrjun nam skuldin við A-hluta, 58,9 millj. kr. Vextir hafa ekki verið færðir á skuld Byggðasafnsins við A-hluta.